



AGS spáir kröftugum hagvexti í viðskiptalöndum Íslands


Heimshagkerfið dróst minna saman á síðasta ári en spáð hafði verið eftir að faraldurinn náði flugi. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) gerir ráð fyrir að heimsframléiðslan verði þegar á þessu ári orðin meiri en árið 2019.

AGS spáir því að hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum Íslands á þessu ári verði um 4,8% að jafnaði. Þetta kemur fram nýrri spá sjóðsins sem birtist í síðustu viku. Á næsta ári spáir sjóðurinn áframhaldandi kröftugum hagvexti og að vöxturinn verði 3,9%. Gert er ráð fyrir að það hægi á hagvexti niður í 2,1% árið 2023 og 1,7% næstu ár þar á eftir.

Áætlað er að veginn hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum Íslands hafi verið neikvæður um 5,1% á síðasta ári. Þar munar langmest um samdráttinn á evrusvæðinu sem er gert ráð fyrir að hafi verið neikvæður um 6,6%, sem er svipað og hér á landi. Evrusvæðið vegur um 41% í viðskiptum Íslands við stærstu 13 stærstu viðskiptalönd sín. Á þessu ári spáir sjóðurinn að hagvöxtur á evrusvæðinu verði 4,4% og 3,8% á næsta ári. Næstmikilvægasta viðskiptaland Íslands er Bandaríkin þar sem gert er ráð fyrir mjög kröftugum hagvexti á þessu ári, eða 6,4%, en samdrátturinn í fyrra nam 3,5%. Á næsta ári spáir sjóðurinn 3,5% hagvexti þar í landi. Bretland er þriðja mikilvægasta viðskiptalandið en landsframléiðslan þar dróst mikið saman á síðasta ári, eða um 9,9%. Það var einhver mesti samdrátturinn hjá þróuðu ríki en einungis Spánn var með meiri samdrátt, eða 11%. Af stærstu viðskiptalöndunum spáir sjóðurinn að mesti hagvöxturinn verði í Kína, eða 8,4% á þessu ári. AGS spáir næstmestum hagvexti í Bandaríkjunum, 6,4%, og þar á eftir kemur Bretland með 5,3%. Reiknað er með minnstum hagvexti í Danmörku, eða 2,8%.

Mun minni samdráttur í fyrra en upphaflega áætlað

Sjóðurinn gerir ráð fyrir að landsframléiðsla heimshagkerfisins hafi dregist saman um 3,3% á síðasta ári sem er töluvert betra en spár gerðu ráð fyrir á síðasta ári eftir að faraldurinn náði flugi. Í júní í fyrra spáði sjóðurinn 4,9% samdrætti



Heimild: AGS



Heimild: AGS



heimshagkerfisins og í október síðastliðnum hafði AGS fært spánna niður í 4,4%. Á þessu ári spáir sjóðurinn að hagvöxtur í heimshagkerfinu verði 6%. Gangi það eftir verður heimsframleiðslan á þessu ári 2,5% meiri en hún var árið 2019, árið áður en faraldurinn hófst.

Spáð er 1,6% verðbólga í viðskiptalöndum Íslands


Sjóðurinn gerir ráð fyrir að verðbólga í viðskiptalöndum Íslands verði 1,6% á þessu ári. Hún var óvenjulítill á síðasta ári, eða 0,8%, enda verulegur samdráttur í eftirspurn í heiminum. Sjóðurinn gerir ráð fyrir að verðbólga á evrusvæðinu verði 1,4% á þessu ári en hún var einungis 0,3% á síðasta ári. Verðbólgan fer niður í 1,2% á næsta ári en verður svo í kringum 1,5% árin 2023 og 2024. AGS spáir nokkuð meiri verðbólgu í Bandaríkjunum en spáin fyrir það land hljóðar upp á 2,3% fyrir 2021 og gerir sjóðurinn ráð fyrir að verðbólga verði á bilinu 2,4-2,5% á næstu árum. Það er nokkuð meiri verðbólga en á evrusvæðinu. Hluti af ástæðu þess að reiknað er með meiri verðbólgu í Bandaríkjunum á þessu ári er að hækkun á heimsmarkaðsverði olíu kemur með meiri þunga fram í neysluverði í Bandaríkjunum en Evrópu vegna mun hærri eldsneytisskatta í Evrópu.

Landsframleiðslan verður búin að ná framleiðslu ársins 2019 á næsta ári

Spár AGS fyrir Ísland gera ráð fyrir 3,7% hagvexti á þessu ári og ögn lægri vexti á næsta ári. Á þessu ári verður landsframleiðslan hér á landi því enn minni en hún var árið 2019. Landsframleiðslan verður þó á næsta ári orðin ögn meiri en árið 2019, eða sem nemur 0,2%. Árið 2023 og næstu ár verður hagvöxtur á bilinu 2,3-2,4% samkvæmt spá AGS.


Sjóðurinn spáir því að verðbólga hér á landi verði 3,2% á þessu ári en að hún verði í kringum markmið á næsta ári og næstu ár þar á eftir. Spáð er viðskiptaafgangi á þessu ári og næstum árum. AGS reiknar með því að afgangurinn í ár nemi um 1% af landsframleiðslu en að hann verði síðan á bilinu 1,7-1,8% næstu ár þar á eftir. Spáð er 6,4% atvinnuleysi á árinu en síðan er gert ráð fyrir að það minnki niður í 6% á næsta ári, 5% árið 2023 og verði 4% árin þar á eftir.

Verðbólguþá fyrir helstu viðskiptalönd Íslands



Heimild: AGS

Spá AGS fyrir Ísland



Heimild: AGS



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánaðrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.